

samkvæmt samningi ASÍ og VSÍ um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og þær auglýstar þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

25.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

26. Ákvæði til bráðabirgða varðandi skuldabréfakaup af Speli hf.

Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf útgefin af Speli hf. vegna gerðar gangna undir Hvalfjörð.

27. Gildistaka.

27.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 1996 og kemur í stað reglugerðar þeirrar, er gilt hefur frá 1. janúar 1996, þó taki 4. kafli um stjórn gildi 20. apríl 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUR um asbest.

1. gr.

Markmið.

Með reglum þessum er leitast við að fyrirbyggja atvinnusjúkdóma sem innöndun asbestryks getur haft í för með sér, með því að koma í veg fyrir notkun asbests.

2. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem asbest og vörur sem hafa asbest að geyma eru notaðar, framleiddar og meðhöndlaðar á einhvern hátt.

Jafnframt gilda reglur þessar um allan innflutning á asbesti og vörum sem innihalda asbest.

Fyrir vörur sem innihalda asbest sem óhreinindi gilda reglurnar ef hlutur asbest er 1% eða meira.

3. gr.

Skilgreiningar.

Með asbesti er í reglum þessum átt við eftirtalin þráðlaga, kristölluð silikatsteinefni: Krýsótil (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít.

4. gr.

Almenn ákvæði.

Bannað er að flytja inn, framleiða, nota eða meðhöndla á annan hátt asbest og vörur sem innihalda asbest með þeim undantekningum sem heimilaðar eru í reglum þessum sbr. 5. gr.

5. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt heimild til innflutnings, notkunar eða meðhöndlunar á asbesti og vörum sem innihalda asbest í neðangreindum tilvikum:

- a) Til viðhalds og viðgerða á byggingum, vélum og öðrum búnaði ef það er nauðsynlegt til að búnaðurinn haldi gildi sínu og ekki er unnt að nota önnur minna skaðleg efni. Sama gildir um vélar, tæki og annan búnað þar sem asbest er í einstökum, afmörkuðum hlutum búnaðarins.
- b) Við niðurrif á byggingum, byggingarhlutum eða búnaði.
- c) Í einstökum tilvikum, enda hafi verið sýnt fram á með fullgildum rökum að mati Vinnueftirlitisins að notkun asbests sé forsenda viðkomandi verkframkvæmdar og að öryggisráðstafanir séu fullnægjandi.

Í öllum tilvikum er bannað að sprauta asbesti eða vörum sem innihalda asbest.

Sækja skal um heimild til innflutnings og notkunar á asbesti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til Vinnueftirlits ríkisins á eyðublöðum sem þar fást, sbr. einnig 1. mgr. 8. gr.

6. gr.

Umbúðir, merkingar og aðvaranir.

Asbest og asbestvörur til viðhalds eða viðgerða á vélum eða öðrum búnaði skulu vera hreinar og í umbúðum eða meðhöndlaðar þannig að komið sé í veg fyrir rykmyndun við geymslu, flutning og notkun. Glíkar vörur skulu afgreiddar tilbúnar til ísetningar eftir því sem kostur er.

Asbest og asbestvörur skulu greinilega merktar af framleiðanda eða innflytjanda í samræmi við I. Viðauka.

Þar sem unnið er með asbest sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu festar upp viðvaranir um hættu af völdum asbestryks og leiðbeiningar um starfshætti sem samræmast reglum þessum. Starfsmenn sem vinna við asbest skulu fræddir um þær hættur sem innöndun asbestryks hefur í för með sér.

7. gr.

Varnir gegn asbestmengun.

Öll vinna við asbest og vörur sem innihalda asbest skal fara þannig fram að rykmengun frá þeim sé svo lítil sem kostur er.

Fjarlægja skal ryk frá þeim stað sem það myndast með vélknúinni loftræstingu.

Gæta skal þess að asbestmengað loft frá vélknúinni loftræstingu sé ekki endurnýtt. Asbestmengað loft skal hreinsað áður en því er blásið út í andrúmsloftið með þar til gerðum

búnaði sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir. Reglulegt eftirlit skal vera með loftræstikerfum og þau hreinsuð eftir þörfum.

Vinnueftirlit ríkisins getur gefið nánari fyrirmæli um varnir gegn asbestmengun í einstökum tilvikum.

Asbestryk og úrgangur sem inniheldur asbest skal geymdur í þéttum, merktum lokuðum ílátum og fluttur þannig til förgunar.

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins.

Nauðsynlegar notkunar- og öryggisleiðbeiningar skulu vera til staðar þar sem unnið er með asbest eða asbestvörur.

Í allri vinnu þar sem hætta er á asbestmengun skulu starfsmenn nota öndunargrímur af viðurkenndri gerð. Við undirbúning fyrir vinnu við asbest og við vinnu með asbest þegar lítill hætta er á að asbestþræðir losni út í andrúmsloftið skal nota heilgrímu með síu af gerðinni P3. Við aðra asbestvinnu skal nota heilgrímu með rafmagnsdælu sem dregur loft í gegnum síu (P3) og dælir því inn í grímuna eða heilgrímu sem tengd er við ferskloftsbúnað.

Taka skal tillit til aukins álags sem notkun öndunargrímu hefur í för með sér fyrir starfsmann þannig að hæfileg hlé séu gerð á vinnunni þegar þörf er á notkun þeirra.

Í vinnu með asbest og vörur sem innihalda asbest skulu starfsmenn vera klæddir sérstökum vinnufatnaði sem tekur ekki í sig ryk.

Starfsmenn skulu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu.

Hver starfsmaður skal hafa aðgang að tveimur fataskápum þar sem annar er fyrir gönguföt og hinn fyrir vinnuföt.

Starfsmenn sem vinna við asbest skulu hafa aðgang að steypibaði að lokinni vinnu.

Óheimilt er að unglingar yngri en 18 ára vinni við asbest og vörur úr asbesti.

Vinnustaður þar sem notað er asbest eða vörur sem innihalda asbest skal þrífinn svo oft sem þörf krefur. Við þríf skulu notaðar ryksugur af viðurkenndri gerð eða aðrar aðferðir sem takmarka rykmengun. Asbestmengud vinnuföt skal ekki geyma eða þvo með öðrum fatnaði.

8. gr.

Vinna við niðurrif og viðhald.

Áður en vinna hefst, við niðurrif eða viðhald á asbesti í byggingum, vélum eða öðrum búnaði, sem veitt hefur verið undanþága fyrir sbr. 5. gr., skal leggja verkáætlun fyrir Vinnueftirlit ríkisins til samþykktar. Vinna við niðurrif eða viðhald er ekki heimil nema fyrir liggi samþykkt Vinnueftirlitsins á viðkomandi verkáætlun. Í verkáætluninni skulu koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem taldar eru upp í II. viðauka. Verkáætlun getur fylgt umsókn þegar sótt er um undanþágu samkvæmt 5. gr.

Sá sem vinna á verkið skal sækja um undanþágu og leggja fyrir verkáætlun. Ekki er leyfilegt að handsala leyfi til þriðja aðila.

Aðeins þeir sem sótt hafa námskeið á vegum Vinnueftirlits ríkisins eða sem Vinnueftirlitið hefur samþykkt mega vinna við niðurrif eða viðhald á asbesti.

Nota skal vinnuáðferðir og verkfæri sem hafa sem minnsta rykmyndun í för með sér. Verkfæri sem valda rykmengun við notkun skulu útbúin með afkastamiklu innbyggðu afsogi. Ekki er leyfilegt að nota háþrýstisprautun við asbestvinnu.

Starfsmenn skulu klæðast sérstökum vinnufatnaði og þar með töldum höfuðbúnaði sem ekki tekur í sig ryk og nota viðeigandi öndunargrímur.

Starfsmenn skulu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu. Asbestnenguð vinnuföt skal ekki geyma eða þvo með öðrum fatnaði.

Sérhver starfsmaður skal fá til afnota eigin öndunargrímu. Við undirbúning fyrir vinnu við asbest og við vinnu með asbest þegar lítill hætta er á að asbestþræðir losni út í andrúmsloftið skal nota heilgrímu með síu af gerðinni P3. Við aðra asbestvinnu skal nota heilgrímu með rafmagnsdælu sem dregur loft í gegnum síu (P3) og dælir því inn í grímuna eða heilgrímu sem tengd er við ferskloftsbúnað.

Taka skal tillit til aukins álags sem notkun öndunargrímu hefur í för með sér fyrir starfsmann þannig að hæfileg hlé séu gerð á vinnunni þegar þörf er á notkun þeirra.

Svæði þar sem unnið er við niðurrif eða viðhald skal lokað af á öruggan hátt fyrir óviðkomandi. Setja skal upp viðvörðunarskilti með eftirfarandi texta: „VARÚÐ. Asbestvinna. Óviðkomandi bannaður aðgangur.“

Við niðurrif þar sem hætta er á mikilli asbestmengun skal svæðið lokað af með þéttu efni sem hindrar dreifingu á asbestryki út fyrir það. Aðgangur að svæðinu skal vera í gegnum sérstakan loftræstan gang. Loftræsting svæðisins skal vera þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á ryki í annað svæði. Endurnýting á afsogslofti frá svæðinu er ekki heimil.

Við niðurrif inni í byggingum skal í nálægð við niðurrifssvæðið sett upp tvö búningsherbergi, eitt fyrir vinnufatnað og eitt fyrir gönguföt, ásamt þvotta- og baðklefa með steypibaði. Búningsherbergin skulu þannig staðsett að einungis sé hægt að fara á milli þeirra í gegnum þvotta- og baðklefann.

Við aðra niðurrifs- og viðhaldsvinnu skal í nánum tengslum við vinnusvæðið vera aðgangur að búningsherbergjum með aðstöðu til að geyma vinnufatnað aðskilin frá göngufötum. Í búningsherbergjunum skal vera handlaug með heitu og köldu vatni. Aðgangur skal vera að steypibaði með heitu og köldu vatni.

Þrifa skal vinnusvæðið vandlega, bæði meðan á niðurrifi stendur og sérstaklega við verklok. Þrif skulu fara fram með ryksugu með síu fyrir asbestryk. Ef nauðsynlegt þykir skulu gerðar mengunarmælingar í samráði við Vinnueftirlit ríkisins til að leggja mat á hvort þrif hafi verið fullnægjandi.

9. gr.

Mengunarmörk og mælingar.

Í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun eru ákvæði sem segja til um leyfilegan fjölda asbestþræða í andrúmslofti starfsmanna í þeim tilvikum er undanþága hefur verið veitt til notkunar asbests.

Atvinnurekandi skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins láta fara fram mælingu á asbestryki í andrúmslofti starfsmanna. Ekki er nauðsynlegt að láta fara fram mælingu ef Vinnueftirlitið telur ekki þörf á því vegna lítillar hættu á asbestmengun.

Til að tryggja að viðmiðunarmörkum þeim sem sett eru í reglum nr. 401/1989 sé hlítt skal asbest í andrúmslofti á vinnustað mælt með tilvísunaraðferð þeirri sem lýst er í III. viðauka eða einhverri annarri aðferð er gefur jafngildar niðurstöður.

Við mælingar á asbesti í andrúmslofti, eins og getið er um í 3. mgr., skal einungis taka til greina trefjar sem eru meira en fimm míkrómetra langar og þar sem hlutfallið milli lengdar og breiddar er hærra en 3:1.

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem unnið er með asbest skulu hafa aðgang að niðurstöðum mælinga á asbestmagni í andrúmslofti og þeim skulu standa til boða skýringar á þýðingu niðurstaðnanna.

10. gr.

Heilsueftirlit.

Í þeim tilvikum sem veitt hefur verið undanþága fyrir vinnu með asbest verður að liggja fyrir mat á heilsufari allra starfsmanna áður en þeir hefja vinnu við asbest sbr. 5. gr.

Í mati þessu skal felast sérstök brjóstholskoðun. Í IV. viðauka er að finna hagnýt ráð sem taka má mið af í tengslum við klínískt eftirlit starfsmanna.

Nýtt mat verður að liggja fyrir að minnsta kosti þriðja hvert ár á meðan starfsmenn vinna með asbest.

Halda skal skýrslur um heilsufar einstaklinga í samræmi við lög og reglur og á það við um alla starfsmenn sem um er getið í fyrstu málsgrein.

Í kjölfar þess klíníska eftirlits sem um getur í 2. mgr. ætti læknir eða sá aðili sem annast heilsueftirlit starfsmanna að veita ráð um allar verndar- og forvarnarráðstafanir sem gera ætti með tilliti til einstakra manna. Þar sem við á geta þær ráðleggingar t.d. falist í því að hlutaðeigandi starfsmaður verði færður á annan stað þar sem ekki er unnið með asbest.

Veita verður starfsmönnum upplýsingar og ráð er varða hvers konar mat á heilsufari þeirra eftir að þeir verða ekki lengur fyrir mengun af asbesti.

11. gr.

Skráning og varðveisla gagna.

Atvinnurekandi skal halda skrá yfir starfsmenn í viðvarandi asbestvinnu, þar sem lýst er eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma og þeirri mengun sem þeir hafa orðið fyrir. Læknir sá eða yfirvald sem ber ábyrgð á heilsueftirliti skal hafa aðgang að skrá þessari. Sérhver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum í skránni sem hann varða. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu hafa aðgang að sameiginlegum upplýsingum í skránni, sem ekki tengjast einstaklingum.

Geyma ber skrána sem um getur í 1. mgr. og heilsufarsskýrslurnar sem um getur í 10. gr. í 30 ár hið minnsta eftir að starfsmaður varð síðast fyrir mengun í samræmi við lög og reglur. Sé starfsemin lögð niður skal koma skránum sem um getur í 1. mgr. til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu.

Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir tilfelli sem greinast af asbestveiki (asbestosis) og iðraþekjuæxli (mesothelioma).

12. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.


14. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 4. tölulið, XVIII viðauka, tilskipun nr. 83/477/EBE og eins og henni var breytt með tilskipun nr. 91/382/EBE um verndun starfsmanna vegna mengunar af asbesti á vinnustöðum. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið falla úr gildi reglur nr. 75/1983 um asbest.

I. VIDAUKI

1. Á öllum vörum úr asbesti eða vörum sem innihalda asbest eða umbúðum þeirra skal vera merkimiði samkvæmt eftirfarandi:
 - a) merkimiðinn á að vera í samræmi við sýnishorn hér að neðan og að minnsta kosti 5 cm á hæð og 2,5 cm að breidd;
 - b) merkimiðinn á að vera samsettur úr tveim hlutum:
 - i) á efri hlutanum á að vera bókstafurinn „a“ hvítur að lit á svörtum grunni,
 - ii) á neðri hlutanum á að vera eftirfarandi auðlæsilegt staðlað orðalag með hvítu og/eða svörtu letri á rauðum grunni: „Varúð, inniheldur asbest. Innöndun asbestryks getur valdið alvarlegum sjúkdómum. Farið eftir öryggisleiðbeiningum.“;
 - c) innihaldi varan krókídólít skal textinn „Varúð, inniheldur krókídólít/blátt asbest“ koma í stað textans „Varúð, inniheldur asbest“;
- d) ef merkingin er þannig hönnuð að prentað sé beint á vöruna er nægilegt að einn litur sé í andstöðu við grunnlitinn.



2. Merkja skal vöru eða umbúðir um vöru sem inniheldur asbest með merkimiða með auðlæsilegu og óafmánnlegu letri í samræmi við ofangreint á hverja smæstu einingu sem afgreidd er. Að öðru leyti skal merkja vöru eða umbúðir samkvæmt eftirfarandi:
 - a) með merkimiða sem festur er vel á vöruna eða umbúðir,
 - b) með merkimiða sem festur er á öruggan hátt við vöruna eða umbúðirnar,
 - c) með merkimiða sem prentaður er beint á vöruna eða umbúðirnar.
3. Ef smæð eða óhentugleiki vörunnar eða umbúðanna gera ókleift að merkimiði sé festur á vöruna eða umbúðirnar skulu merkingarnar koma fram á fylgiseðli með vörunni.
4. Ef varan inniheldur hluta sem innihalda asbest er nægilegt að sá hluti sem inniheldur asbest sé merktur.

II. Viðauki

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í verkáætlun fyrir niðurrif eða viðhald bygginga eða búnaðar úr asbesti eða sem inniheldur asbest sbr. 8. gr.:

1. Nafn fyrirtækisins sem annast skal verkið, heimilisfang þess og símanúmer.
2. Staðsetning þar sem verkið á fara fram.
3. Hvenær áætlað er að hefja verkið og áætluð verklok.
4. Lýsing á umfangi verksins og vinnuaðferðir við það.
5. Fjöldi starfsmanna sem vinna eiga við verkið og staðfestingu á að þeir hafi fengið fræðslu í samræmi við 3. mgr. 8. gr.
6. Stutt lýsing á öryggisráðstöfunum og þ.m.t. hlífðarbúnaði.
7. Lýsing á fyrirhuguðum hreinsiaðferðum.
8. Tegund asbests (ef þekkt).
9. Dagsetning og undirskrift.

III. Viðauki

Tilvísunaraðferð sem um getur í 9. gr. til að mæla asbestmagn í andrúmslofti á vinnustað

1. Sýni skulu tekin á öndunarsvæði hvers starfsmanns, þ.e. innan hálfhrings með 300 mm rádíus sem mældur er frá miðpunkti línu sem nærði milli eyrna hans.

2. Notaðar skulu himnusíur (blandaðir sellúlósa- eða sellúlósanítratesterar) með gatastærð 0,8 til 1,2 míkrómetrar, 25 mm í þvermál, rúðustrikaðar.

3. Notaður skal opinn síuhaldari sem búinn er sívalningslaga hettu sem nær 33 til 44 mm fram fyrir síuna og er með hringlaga op, að minnsta kosti 20 mm í þvermál. Við notkun skal hettan vísa niður.

4. Notuð skal færanleg, rafhlöðuknúin dæla sem fest er við belti starfsmanns eða liggur í vasa hans. Loftstreymi skal vera jafnt og skal stilla það í upphafi á 1,0 lítra á mínútu $\pm$ 5%. Á sýnatökutímanum má loftstreymi ekki víkja meira frá upphaflegu streymi en $\pm$ 10%.

5. Sýnatökutími skal mældur með minna en 2% skekkjumörkum.

6. Æskilegasti trefjafjöldi í síu er milli 100 og 400 á hvern mm^2 .

7. Setja skal alla síuna eða hluta hennar, hvort sem menn kjósa, á smásjárskyggnu, gera hana gagnsæja með asetón-tríasetín-aðferð, og þekja með gleri.

8. Við talningu skal nota smásjá fyrir bæði augu og skal hún hafa eftirfarandi búnað:

--- Köhler--lýsing,

--- Abbe--safngler eða safngler fyrir litrétt fasamótvægi í miðstillanlegri festingu undir smásjárborði,

--- hlutlinsu er stækkar 40 sinnum, með jákvæðum fasamun, litréttu, skerpustillta á rönd, með ljósop 0,65 til 0,70 og fasagleypni við jaðar á milli 65 og 85%,

--- sjóngler er stækka 12,5 sinnum, að minnsta kosti annað með stillanlegri skerpu og gert fyrir kvarða,

--- hringlaga kvarðanet af Walton--Beckett--gerð fyrir sjóngler, með sjónsvið 100 $\pm$ 2 míkrómetra þegar notuð eru hin tilgreinda hlutlinsa og sjóngler, mælt með örkvarða í smásjárborðinu.

9. Setja skal smásjána upp samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og athuga greiningarmörk með sneið til stöðlunar á fasajafnvægi. Þegar smásjain er notuð á þann hátt sem

framleiðandi tilgreinir verður að vera hægt að sjá allt að merki 5 á AIA-prófsneiðum eða allt að bálki 5 á HSE/NPL-prófsneiðum (gerð 2). Þetta skal gert í upphafi hvers vinnudags.

10. Þegar trefjar í sýnum eru taldar skal eftirfarandi reglum fylgt:

--- telja skal með allar trefjar sem fjallað er um í 4. mgr. 9. gr., sem ekki eru í snertingu við agnir stærri en þrír míkrómetrar að þvermáli,

--- séu báðir endar meðtalinnar trefju innan mælireitsins skal telja hana sem heila trefju; sé aðeins annar endi trefjar innan reitsins skal hún talin sem hálf trefja,

--- reitir skulu teknir til talningar af handahófi af viðtökufleti síunnar,

--- þyrping trefja sem á einum eða fleiri stöðum virðist heil og óskipt, en skiptist annars staðar í aðskilda þætti (klofin trefja), telst vera ein trefja, ef hann fellur að lýsingunni í 4. mgr. 9. gr. og fyrsta undirlið þessarar málsgreinar, enda sé þvermálið mælt á heila hlutanum en ekki þeim klofna,

--- í öllum trefjaþyrpingum þar sem einstakar trefjar snerta hver aðra eða skerast (knippi) skal telja hverja einstaka trefju fyrir sig ef hægt er að greina þær nægilega vel hverja frá annarri til að ákvarða hvort þær falli að lýsingunni í 4. mgr. 9. gr. og fyrsta undirlið þessarar málsgreinar. Falli engin hinna einstöku trefja að skilgreiningunni er litið svo á að knippið sé trefja sem teljast skuli með ef það fellur í heild sinni að lýsingunni í 4. mgr. 9. gr. og fyrsta undirlið þessarar málsgreinar.

--- Sé meira en áttundi hluti mælireits þakinn þyrpingum trefja og/eða agna er ekki hægt að notast við reitinn og telja verður í öðrum reit í staðinn,

--- telja skal 100 trefjar þannig að við það séu athugaðir minnst 20 reitir, eða athuga 100 reiti.

11. Meðalfjöldi trefja á reit er reiknaður með því að deila fjölda athugaðra reita í fjölda talinna trefja. Áhrif af rispum í síunni eða óhreinindum á talninguna mega ekki vera meiri en sem svarar til þriggja trefja á 100 reiti og skal leggja mat á þetta með því að nota auðar síur.

Magn í andrúmslofti = (fjöldi í mælireit x viðtökuflötur síu) / (flatarmál mælireits x rúmmál lofts sem safnað er).

IV. VIÐAUKI

Hagnýt ráð um klínískt eftirlit sem um getur í 10. gr.

1. Rannsóknir hingað til gefa til kynna að verði menn fyrir mengun af lausum asbesttrefjum getur það leitt til eftirfarandi sjúkdóma:

--- asbestveiki,

--- iðraþekjuæxlis,

--- berkjukrabbameins,

--- krabbameins í maga og görnum.

2. Lækni þeim og/eða yfirvaldi sem ber ábyrgð á heilsueftirliti starfsmanna er verða fyrir asbestmengun er skylt að þekkja til skilyrða þeirra eða aðstæðna hjá hverjum starfsmanni.

3. Klínískt eftirlit starfsmanna skyldi framkvæmt í samræmi við starfsreglur og -venjur atvinnusjúkdómafræðinnar; í henni skyldu að minnsta kosti felast eftirfarandi ráðstafanir:

--- skráning á heilsufarssögu og starfsferli starfsmanns,

--- persónulegt viðtal,

--- klínísk brjóstholsskoðun,

--- athugun á öndunarvirkni.

Frekari athuganir eru æskilegar, þ.m.t. brjóstholsröntgenmynd í venjulegri stærð og próf á rannsóknarstofu, svo sem frumufraeðipróf á hráka. Rétt er að taka ákvörðun um athuganir þessar fyrir hvern starfsmann sem er undir heilsueftirliti, í ljósi nýjustu þekkingar sem atvinnusjúkdómafræðin hefur yfir að ráða.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1996.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUR

um saumlaus gashylki úr stáli.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og grundvallarreglur.

1. Reglur þessar gilda um saumlaus gashylki úr stáli sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um gashylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

2. Reglurnar gilda um 0,5 til 150 lítra saumlaus gashylki úr stáli sem eru búin til í heilu lagi og hægt að endurfylla og flytja og eru til þess gerð að geyma í þeim samþjappaðar, fljótandi eða uppleystar lofttegundir. Þessi gashylki verða hér á eftir nefnd *hylki*.

3. Reglurnar gilda ekki um hylki sem búin eru til úr ástenít-stáli eða hylki þar sem málmi er bætt við þegar botninum er lokað.

4. Ákvæði reglna þessara gilda óháð því hvort annar eða báðir endar hylkisins eru með oddbotalögun.

2. gr.

Í þessum reglum merkir *hylki af EBE-gerð* hylki sem er hannað og framleitt á þann hátt að það uppfylli kröfur þessara reglna og reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði).

3. gr.

Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana hylki sem eru í samræmi við kröfurnar í reglum um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) og þessum reglum og viðaukum við þær, sbr. þó 2. mgr. 7. gr.